

Fagráð í hrossarækt

65. fundur

Staður og stund: Bændahöllin v/Hagatorg þriðjudagur 17. desember 2013 kl. 10:00.
Mættir: Sveinn Steinarsson, Guðlaugur V. Antonsson, Kristinn Guðnason, Vignir Siggeirsson, Víkingur Gunnarsson, Ísleifur Jónasson, Guðný Helga Björnsdóttir, Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir og Sigrún Ólafsdóttir. Baldvin Ari Guðlaugsson hafði tilkynnt fjarveru.

Dagskrá

1. Fundarsetning og lögð fram fundargerð nr. 64 frá 7. nóvember 2013 til samþykktar og undirritunar
2. Haustfundir hrossaræktarsambanda/samtaka og deilda Félags hrossabænda
3. Ráðstefnan "Hrossarækt 2013"
4. Aðalfundur Félags hrossabænda
5. WorldFengur – Jón Baldur Lorange
6. Aðalfundur Félags tanningamanna
7. Stofnverndarsjóður
 - Styrkir síðasta árs
 - Staða sjóðsins
 - Umsóknir
 - Afgreiðsla umsókna
 - Breytingar á sjóðnum?
8. LM – Lágörk
9. Sýningaáætlun 2014
10. Sýningagjöld 2014
11. Heilbrigðisskoðun kynbótahrossa
12. Málþingsmál - framhaldið
13. Aðalfundur FEIF
14. Önnur mál

1. Fundarsetning.

Kristinn fráfarandi formaður sett fundinn og stjórnaði honum. Bauð Kristinn fundarmenn velkomna, sérstaklega nýjan formann Félags hrossabænda Svein Steinarsson og nýjan fulltrúa RML Gunnfríði Elínu Hreiðarsdóttur. Lögð var fram fundargerð nr. 64 frá 7. nóvember til samþykktar og undirritunar, var hún samþykkt samhljóða.

2. Haustfundir hrossaræktarsambanda/samtaka og deilda Félags hrossabænda.

Guðlaugur hafði setið aðalfund Vesturlandsdeildar Félags hrossabænda en ekki hafði verið haldin fundur í þeirri deild um nokkurra ára skeið. Vel var mætt á fundinn og hugur í fundarmönnum að efla starfið á Vesturlandi. Á fundinum voru samþykktar nokkrar tillögur sem sendar voru til aðalfundar Félags hrossabænda. Þá hafði Guðlaugur setið haustfundi Hrossaræktarsambands Vesturlands og Hrossaræktarsamtaka Eyfirðinga- og Þingeyinga og flutt þar erindi. Góð mæting var á þá fundi báða og allmiklar umræður en engar tillögur eða ályktanir samþykktar.

Kristinn hafði setið haustfund Hrossaræktarsamtaka Suðurlands og auk þess að taka þátt í almennum umræðum hafði hann kynnt þær hugmyndir væru á borði fagráðs um m.a. lágmark í einstaklingssýningar landsmóts 2014.

3. Ráðstefnan ”Hrossarækt 2013”.

Ráðstefnan var haldin 16. nóvember á Hótel Sögu, var hún vel sótt að vanda eða um 130 manns. Á ráðstefnunni var farið yfir hrossaræktarárið og veitt verðlaun. Þá flutti Rúnar Þór Guðbrandsson áhugavert erindi um markaðsmál. Að lokum voru umræður um ræktunarmál.

Voru fagráðsmenn sammála um að val á framsögumanni hefði verið vel heppnað og umræðan þörf miðað við stöðuna í markaðsmálum í dag. Fram kom hjá fagráðsmönnum að aldrei sem nú væri þörf á almennri samstöðu allra hrossaræktenda í sameiginlegu átaki í markaðsmálum, menn yrðu líka að gera sér grein fyrir að slíkt átak gæti þýtt einhverja kostnaðarábyrgð allra þátttakenda.

4. Aðalfundur Félags hrossabænda.

Aðalfundur Félags hrossabænda var haldinn 15. nóvember á Hótel Sögu. Fundurinn var vel sóttur og mörg málefni tekin til umræðu auk þess sem kosinn var nýr formaður félagsins Sveinn Steinarsson á Litlalandi.

Eftirfarandi tillögur sem samþykktar voru á fundinum hafði stjórn félagsins sent til fagráðs til umfjöllunar og afgreiðslu:

- a) Aðalfundur Félags hrossabænda beinir því til stjórnar að hún beiti sér fyrir því að Fagráð standi vörð um að framkvæmd kynbótasýninga og að stöðlun sýningaraðstæðna sé hin sama hérlendis og erlendis. Jafnframt geri Fagráð tillögur sem miði að því ráða bót á meintu misræmi í dómum frá einni sýningu til annarrar og stuðli að trúverðugri jafnstöðu allra dóma sem fara inn í WorldFeng.
Greinargerð: Það hefur talsvert borið á því að hross sem hlotið hafa þokkalegan kynbótadóm hérlendis hafi snarhækkað á sýningum erlendis innan sama árs. Dæmi um slíkan óútskýrðan mun er einnig að finna á milli sýninga hérlendis. Þetta vekur upp þá kröfu að allir sýningarhaldarar sitji við sama borð og hlíti ákvörðun hrossaræktarráðunautar eða Fagráðs um skipan dómnefnda. Gera á þá lágmarkskröfu að minnsta kosti einn íslenskur dómari dæmi á öllum sýningum erlendis. Verði misbrestur á þessu, fari dómarnir ekki inn í WorldFeng.

Fagráð er í aðalatriðum sammála tillögunni enda hafi verið unnið að efni tillögunnar á undanförunum árum og áratugum. Hinsvegar er ljóst að marg oft hefur verið tekið til umræðu og lagðar fram tillögur um að íslenskir dómamar séu ávallt í dómnefndum erlendis. Á það hefur ekki verið fallist á vettvangi FEIF. Hvað varðar samræmi í dómum milli landa þá kom fram að umræður um þau málefni eru á dagskrá bæði aðalfundar FEIF í vetur svo og á námskeiði fyrir alþjóðlegra kynbótadómara sem verður á Íslandi í vetur.

- b) Aðalfundur Félags hrossabænda beinir því til stjórnar að hún beiti sér fyrir að áfram verði boðið uppá svokallaða miðsumarsýningu í júlí.
Greinargerð: Þátttaka í miðsumarsýningunni á Gaddsstaðaflötum s.l. sumars var mjög góð og undirstrikaði nauðsyn þess að hafa kynbótasýningu seinnipartinn í júlí. Þetta lofsverða framtak er ef til vill bara byrjunin á því að farið verði að bjóða upp á fjölgun og jafnara flæði kynbótasýninga allan þann tíma sem menn kæra sig helst um að sýna kynbótahrossin.

Fagráð er sammála tillögunni.

- c) Aðalfundur Félags hrossabænda beinir þeirri tillögu til stjórnar Félags hrossabænda að samtökin beiti sér fyrir því að kynbótahross 6 vetra og eldri haldi sínum byggingardómi úr fullnaðardómi til æviloka ef eigandi óskar þess, þannig að þau þurfi ekki að mæta í byggingardóm, þó að þau mæti á hverju ári í hæfileikadóm.

Greinargerð: Hér er lagður til sparnaður á tíma, fé og fyrirhöfn. Hugmyndin er byggð á trausti á þegar gerðum dómum, rétt eins og þegar opnað var á að byggingardómar úr fullnaðardómi stæðu sumarlangt.

Flestir fagráðsmenn eru ekki sammála tillögunni og vísa til afgreiðslu fargráðs frá fyrra ári á nánast samhljóða tillögu.

“Fagráð er ekki sammála tillögunni og telur hana skref afturábak í ræktunarstarfinu. Dómar síðustu ára sýna að hross hækka mun oftast í sköpulagseinkunn við endurdóm heldur en að þau lækki. Hinsvegar getur t.d. fótagerð, hófar, burður í baki, hálsgerð og fleira breyst það mikið með aldri og álagi að ekki sé stætt á að hross haldi sköpulagsdómi út ævina en geti á móti komið árlega og safnað stigum í hæfileikum eftir því sem þeir slípast og þjálfast.”

Auk þess kom fram í umræðum að ending íslenska hestsins væri mikilvægur ræktunareiginleiki sem dómar á eldri hrossum gæfu m.a. vísbendingar um.

- d) Aðalfundur Félags hrossabænda beinir eftirfarandi tillögu til stjórnar:
Þegar gangtegundir kynbótahrossa eru dæmdar séu gæði gangtegundarinnar metin umfram hraða og smávægilega hnökra kynbótasýningarinnar.
Greinargerð: Það er útbreidd skoðun að of fast sé tekið á smávægilegum hnökrum í útfærslu sýninga, eða öðrum atriðum sem ekki snerta endilega eðlisgetu gripsins. Með öðrum orðum að kynbótadómurinn dragi stundum of mikinn dóm af harðri keppni. Í kynbótadómi er oft verið að meta ung og óhörðnuð hross og því ósanngjarnt að bera þau saman við fullharðnaða keppnishesta. Aftur er hér vísað til þess sem dýralæknir hrossasjúkdóma segir í áverkaskýrslu sinni frá 2012: „.....að endurskoða þurfi umgjörð keppni og sýninga og þær hugmyndir sem við höfum mótað okkur um getu og form íslenska hestsins“.

Fagráð er sammála tillögunni.

- e) Aðalfundur Félags hrossabænda beinir eftirfarandi tillögu til stjórnar:
Að kannaður verði sá möguleiki að haldið verði sérstaklega utan um þær tölur í WorldFeng sem breytast á yfirlitssýningum kynbótasýninga. Þ.e. að það komi sérstaklega fram á dómblaði hvaða tölur breytast og hvernig. Þetta hefur augljóst upplýsingagildi fyrir ræktendur og getur t.a.m. unnið nokkuð á móti svo nefndri einkunnasöfnun.

Meirihluti fargráðs er ekki sammála tillögunni og vísar til bókunar frá fyrra ári við afgreiðslu samhljóða tillögu.

“Fagráð er ekki sammála tillögunni. Ekki verður séð hvaða gildi þessar upplýsingar hafa fyrir hrossaræktarstarfið. Margvíslegar ástæður geta legið fyrir því að hross breyta einkunnum á yfirlitssýningum s.s. illa fyrir kallað í dómi, skeiðsprettur mistekst, veður var slæmt, annar knapi ríður á yfirliti og ýmislegt fleira. Fagráð er því ekki á því að kosta eigi

til forritunarvinnu í þessum tilgangi”.

- f) Aðalfundur Félags hrossabænda beinir því til fagráðs að breyta reglum um fótábúnað, þannig að leyfðar hlífar verji hrossið betur (gömlu klukkuhlífarnar).

Ákveðið var að geyma afgreiðslu þessa máls til umræðu undir lið 10 um heilbrigðisskoðun kynbótahrossa síðar í fundargerð.

5. WorldFengur – Jón Baldur Lorange.

Jón Baldur Lorange forstöðumaður tölvudeildar BÍ mætti til fundarins og gerði grein fyrir því helsta sem unnið hefur verið að á árinu varðandi WorldFeng og svo því sem er á dagskránni á næstu misserum.

Nýtt valpörunarforrit er nú komið í WF sem býður uppá aukna möguleika við að para saman einstaklinga auk þess sem útreiknuð líkindi varðandi gangráðinn koma nú fram í niðurstöðum.

Heimaréttin sem íslenskir skýrsluhaldarar þekkja orðið vel er komin í útrás og er verið að vinna að sambærilegri heimarétt í fleiri FEIF löndum.

Nokkur forritunarvinna fór í það á árinu að breyta skráningarham varðandi áverkaskoðanir og einnig að gera það kerfi alþjóðlegt.

Skráning á kynbótasýningar í gegnum alnetið sem fór fram hérlendis í sumar er kerfi sem aðrar FEIF þjóðir vilja taka upp hjá sér.

Bætt hefur verið og útvíkkuð svo kölluð “Ársskýrsla” í WF sem gefur margvíslegar upplýsingar úr ræktunarstarfinu á viðkomandi ári.

Töluverð vinna hefur á árinu farið í vefþjónustur fyrir ýmsa aðila sem nýta vilja upplýsingar úr WF.

Nafnabankann í WF er í stöðugri þróun, það nýjasta á þeim vettvangi er þýðing nafnaskýringa á frönsku.

Haldinn var í Malmö fjölmenn ráðstefna nánast allra skrásetjara WF í heiminum. Auk fulltrúa frá BÍ sat ráðstefnuna fulltrúi RML. Mörg mál komu til umræðu á fundinum s.s. staða WF í dag og framtíðar áætlanir.

Að sögn Jóns Baldur er fjármögnun WF í járnnum þ.e. reksturinn stendur undir sér en ekkert framyfir það.

Í máli Jóns kom fram að mjög nauðsynlegt er að styrkja samstarf við hinar ýmsu rannsóknarstofur varðandi DNA greiningar, ekki síst varðandi yfirferð þeirra greininga sem ekki skila ætternissönnun.

Þá rakti Jón að nokkur mál hefðu komið upp þar sem eignarhaldsskráning í WF hefði verið undir m.a. varðandi hross í Þýskalandi. Með hjálp Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins hafði náðst að leiða það mál til lykta. Ljóst væri að skerpa þyrfti á reglum og gildissviði hvað varðar eignarhaldsskráningar í WF.

Fagráð vill leggja að Jóni að halda málinu opnu við ráðuneytið. Að auki væri brýnt að leggja að fólki að passa uppá réttar eigendaskráningar í WF auk þess sem fallin hross séu skráð sem slík.

6. Aðalfundur Félags tamningamanna.

Aðalfundur Félags tamningamanna var haldinn 7. Desember. Nýr formaður var kosinn á fundinum og er það Súsanna Ólafsdóttir. Sigrún greindi frá því helsta sem rætt hefði verið á fundinum varðandi ræktunarmál.

Hvað varðar áverka mál og skráningu á þeim voru fundarmenn sammála því að haldið yrði áfram á sömu braut við söfnun upplýsinga. Ekki verði þó undan því vikist að ganga lengra en gert hefur verið ef niðurstaðan er sannarlega eins og fram hefur

komið að sömu knapar séu ár eftir ár hvað tíðast á áverkalistum. Slíkt verði að hafa afleiðingar því ábyrgð knapa verði aldrei undanskilin við að hafa vit bæði fyrir sér og hestinum.

Fótabúnaður var einnig ræddur og fagnað allri umræðu um þau mál. Ræða þyrfti við hlífaframleiðendur um vandaðri hlífar sem þó stæðust þau þyngdarmörk sem við líði væru.

Fundarmenn voru sammála um að æskilegt væri að þjálfari hross væri einnig skráður í sýningarskrá sýninga auk knapa.

7. Stofnverndarsjóður.

Víkingur Gunnarsson vék af fundi vegna hagsmunatengsla við umsækjendur í sjóðinn.

Lögð var fram reglugerðin sem gildir um sjóðinn auk yfirlits yfir greiðslur úr sjóðnum árin 2004 – 2012 en alls er þar um að ræða rúmar 43 milljónir. Þá voru lagðar fram skýrslur um framgang þeirra verkefna sem styrkt höfðu verið á árinu 2013 en það voru verkefni; Þjálfunarlífeðlisfræðirannsóknir á íslenska hestinum við Háskólann á Hólum og Hlutlægt mat á hreyfingum og gangtegundum íslenska hestsins, samstarfsverkefni milli Háskólans á Hólum og Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri.

Auk þessa voru lögð fram gögn með yfirliti yfir sjóðinn, þróun hans og stöðu. Í sjóðnum eru núna 98.485.325,- krónur en til úthlutunar eru 60% fjármagnstekna árið 2012 að frádregnum mismun á eigin fé sjóðsins og áskilinni eiginfjárupphæð samkvæmt reglugerð. Til úthlutunar að þessu sinni reyndust vera 2.624.785,- krónur. Þær umsóknir sem borist höfðu sjóðnum að þessu sinni og afgreiðsla þeirra er eftirfarandi:

- a) Tannheilbrigði íslenskra keppnishesta – Sonja Línadal Þórisdóttir – Sótt er um kr. 400.000,-
Samþykkt 400.000,-
- b) Mat á föstum hrifum sýninga við kynbótadóma íslenska hestsins og samanburðarhæfni kynbótadóma í mismunandi aðildarlöndum FEIF – LbhÍ – Sótt er um kr. 1.000.000,-
Samþykkt 200.000,-
- c) Hestalitir, heimasíða og hestalitaplakat – Hannes Sigurjónsson ofl. – Sótt er um kr. 1.000.000,-
Hafnað.
- d) Uppeldi og framtamning á litföróttum fola – Páll Imsland – Sótt er um kr. 1.000.000,-
Hafnað.
- e) Þjálfunarlífeðlisfræðirannsóknir á íslenska hestinum – Háskólinn á Hólum - Guðrún Stefánsdóttir – Sótt er um kr. 4.000.000,-
Samþykkt 2.000.000,-
- f) Kaup á litförótttri hryssu og folatollur – Birgir Eiríksson – Sótt er um kr. 1.050.000,-
Hafnað.
- g) Icelandic Horse Expo – Hrafnkell Guðnason – Sótt er um kr. 975.972,-
Hafnað.

Á aðalfundi Félags hrossabænda hafði komið upp umræða um hvort ástæða væri til að leggja til þá breytingu á reglugerð um Stofnverndarsjóðinn að hægt væri tímabundið að úthluta einhverju af höfuðstól til sérstakra verkefna.

Fagráð ræddi málin frá ýmsum hliðum. Fram kom sú skoðun að slíkt mætti skoða en þá í því samhengi að sambærilegt mótframlag næðist eftir öðrum leiðum s.s. með samningum við ráðuneyti. Þá var það almenn skoðun fagráðsmanna að einboðið væri að gjald það sem tekið er af hverju útfluttu hrossi og er nú 1.500,- krónur mætti að ósekju hækka nokkuð. Í þeirri umræðu kom einnig fram að aðalfundur Félags hrossabænda hefði fyrir nokkrum árum samþykkt að leggja til að gjald þetta hækkaði í 3.000,- krónur og þeirri tillögu verið komið á framfæri við ráðuneyti en ekkert orðið úr framgangi. Þá kom fram sú skoðun að kanna þyrfti með hvaða hætti sjóðurinn væri ávaxtaður en inneignarvextir bankanna eru afar lágir nú um stundir.

8. LM – lágmörk.

Svo sem fram hefur komið ákvað fagráð á fundi sínum í október að leggja til ákveðin lágmörk í einstaklingssýningar kynbótahrossa fyrir landsmót 2014. Þar yrði farin sú leið að hækka lágmörk frá síðasta móti um fimm stig í flokkum fjöggra- og fimmvetra hrossa og hafa lágmörk 10 stigum lægri í öllum flokkum fyrir hross sem fá einkunnina 5,0 fyrir skeið á vorsýningum. Þessi tillaga hefur verið rædd á haustfundum hrossaræktenda og fengið jákvæðar undirtektir. Fagráð er því sammála um að eftirfarandi lágmörk gildi fyrir einstaklingssýningar kynbótahrossa á landsmóti á Gaddstaðflötum 2014.

Alhliðahross:

Stóðhestar 7 vetra og eldri	8,35
Stóðhestar 6 vetra	8,30
Stóðhestar 5 vetra	8,20
Stóðhestar 4 vetra	8,05

Klárhross:

Stóðhestar 7 vetra og eldri	8,25
Stóðhestar 6 vetra	8,20
Stóðhestar 5 vetra	8,10
Stóðhestar 4 vetra	7,95

Hryssur 7 vetra og eldri	8,25
Hryssur 6 vetra	8,20
Hryssur 5 vetra	8,10
Hryssur 4 vetra	7,95

Hryssur 7 vetra og eldri	8,15
Hryssur 6 vetra	8,10
Hryssur 5 vetra	8,00
Hryssur 4 vetra	7,85

9. Sýningaáætlun 2014.

Gerð höfðu verið drög að áætlun um kynbótasýningar fyrir árið 2014. Drögin höfðu verið send út til starfsstöðva RML á landinu og jafnframt óskað eftir því að samráð væri haft við hrossaræktarsamtök á viðkomandi svæði ef óskir væru um aðrar dagsetningar eða fyrirkomulag en þarna kæmi fram.

Nokkrar breytingartillögur höfðu borist við drögin og var tillit tekið til þeirra allra. Auk þess var samþykkt sú regla að lágmarksfjöldi skráðra hrossa á sýningu svo hún sé haldin verði 30 hross, Austurland verði þó undanþegið þeirri reglu. Þá var samþykkt sú regla að skráningu á sýningu ljúki viku fyrir sýningu og þá verði ljóst hvort hún verði haldin eður ei.

Eftirfarandi áætlun fyrir kynbótasýningar 2014 var samþykkt með fyrirvara um að vallarsvæði fái á tilteknum dagsetningum. Hafa ber í huga að ný regla um lágmarksfjölda hrossa á sýningu kann að kalla á endurskoðun sýningaráætlunar.

24.4 – 25.4	Sauðárkrókur.
12.5 – 16.5	Reykjavík.
14.5 – 16.5	Eyjafjörður.
19.5 – 23.5	Selfoss.
19.5 – 23.5	Blönduós.

26.5 – 30.5	Hafnarfjörður.
26.5 – 30.5	Skagafjörður.
26.5 – 27.5	Hornafjörður.
28.5 – 30.5	Fljótshálsa.
03.6 – 06.6	Eyjafjörður.
02.6 – 13.6	Gaddstaðaflatir.
02.6 – 13.6	Borgarfjörður.
30.6 – 06.7	LM – Gaddstaðaflatir.
21.7 – 25.7	Gaddstaðaflatir.
28.7 – 30.7	Eyjafjörður.
11.8 – 15.8	Borgarfjörður.
11.8 – 15.8	Skagafjörður.
18.8 – 20.8	Blönduós.
18.8 – 22.8	Gaddstaðaflatir.

10. Sýningagjöld 2014.

Sýningagjöld ársins 2013 voru eftirfarandi:

	Fullur dómur	Sköpulags-/reiðdómur
RML	12.130	8.810
WorldFengur	850	850
- Vsk.	3.310	2.463
Vallaraðstaða (án vsk.)	2.210	1.377
Samtals:	18.500	13.500

Lögð voru fram gögn með uppgjöri fyrir hverja einstaka sýningu á árinu 2013. Engin af sýningum ársins stóð undir sér ef horft er á beina innkomu og kostnað við hverja þeirra. Útkoman var all mismunandi en þó heldur í þá áttina að stærri sýningar skili betri niðurstöðu. Heildar rekstrarhalli af sýningunum 2013 var um 7,6 milljónir ef ekki er tekið tillit til óendurgreidds sýningargjalds en rúmlega 5,1 milljón að teknu tilliti til þess sýningargjalds. Að meðaltali var því halli ársins um 4.700,- krónur á hvert sýnt hross.

Samþykkt var að leggja til við RML að sýningargjöld kynbótahrossa verði eftirfarandi á árinu 2014:

	Fullur dómur	Sköpulags-/reiðdómur
RML	13.724	10.403
WorldFengur	850	850
- Vsk.	3.716	2.870
Vallaraðstaða (án vsk.)	2.210	1.377
Samtals:	20.500	15.500

Þá var samþykkt í fagráði að BÍ yrði sent bréf í nafni fagráðs þar sem lagt yrði að stjórn samtakanna að nánar yrði skilgreint hver hlutur hrossaræktarinnar er í því framlagi sem RML í gegnum BÍ fær af ríkisfé til leiðbeiningaþjónustu í landbúnaði. Tilgangurinn væri að betur væri hægt að gera sér grein fyrir að hve miklum hluta laun fastra starfsmanna RML við hrossarækt eiga að greiðast af þeim hluta og þá hve stór hluti skuli greiðast með sýningargjöldum.

11. Heilbrigðisskoðun kynbótahrossa.

Staða mála var reyfuð, m.a. hvað hefði komið fram á fagráðsfundi með dýralæknum (sjá eldri fundargerð) og hvað í umræðum á haustfundum hrossaræktenda.

Fagrað er á því að skerpa þurfi á framgangi heilbrigðisskoðunar sem við líði var á árinu en ekki sé þörf á breytingu á útfærslu hennar. Þá væri nauðsynlegt að minna eigendur og knapa á ábyrgð þeirra gagnvart dýravelferð sýningarhrossa og funda að nýju með sýningarstjórum og dýralæknum til meiri samræmingar á ferlinu. Ekki voru menn á því að banna ákveðinn hlífðarbúnað en tala mætti fyrir því að menn notuðu þann búnað sem frekar dygði sem vörn gegn meiðslum s.s. 120 gr. gúmmíklukkur. Þá var samþykkt að safna gögnum næsta sumar varðandi það hvaða hlífðarbúnaður er í notkun hverju sinni. Sú umræða hefur komið upp á nokkrum fundum hrossaræktenda í haust að rétt væri að birta opinberlega lista yfir alla knapa sem sýna kynbótahross á viðkomandi ári og útkomu þeirra gagnvart meiðslum. Ákveðið var að kanna hvort eitthvað væri til fyrirstöðu slíkri birtingu.

12. Málþingsmál – framhaldið.

- a) Siðareglur varðandi kynbótasýningar.
- Drög að siðareglum varðandi kynbótasýningar höfðu verið lögð fyrir aðalfund Félags hrossabænda og í framhaldinu verið send út til aðildarfélaga félagsins. Nokkrar ábendingar og tillögur höfðu borist til baka, farið var yfir ábendingarnar lið fyrir lið og breytingar gerðar ef samþykktar voru. Loka niðurstaða varðandi reglurnar er eftirfarandi:

Siðareglur varðandi kynbótasýningar.

Kynbótasýningar hrossa byggja á lögum um búfjársýningar á vegum Bændasamtaka Íslands og reglugerð nr. 442/2011 um uppruna og ræktun íslenska hestsins. Eftirfarandi vinnureglur kveða á um ábyrgð, vinnubrögð og samskipti starfsmanna og þátttakenda á kynbótasýningum. Þá eru einnig sett fram viðmið um hæfi dómara gagnvart hugsanlegum hagsmunaárekstrum. Þessar reglur miða að því að kynbótasýningar séu faglega traustur og hvetjandi vettvangur til heilla fyrir ræktunarstarfið.

Vinnureglur þessar eru leiðbeinandi en geta ekki verið forsenda þess að dómur sem ákveðinn hefur verið af dómnefnd verði ógiltur eða honum breytt. Eigandinn hefur alltaf þann valkost að fá endurdóm á hrossið á annarri sýningu. Ferli umkvartana og agabrota auk hugsanlegra viðurlaga við þeim er útskýrt í reglunum.

Reglur um starfsmenn við kynbótadóma hrossa:

- Starfsmenn skulu fylgja þeirri grundvallarreglu að störf þeirra veki traust og virðingu. Þeir stundi fagleg vinnubrögð, tryggi jafnræði allra þátttakenda og styrki samstarf og samvinnu starfsmanna, eigenda og knapa.
- Starfsmenn skulu leitast við að auka faglega þekkingu sína.
- Starfsmönnum ber að fara eftir lögum og reglum sem gilda um kynbótasýningar.
- Dómari komi ekki að dómstörfum ef aðalstarf hans er við umfangsmikla hrossarækt, hrossasölu eða stóðhestahald. Ef vafi leikur á slíku almennu hæfi dómara sker fagstjóri búfjárræktar RML úr því áður en skipan dómnefnda er ákveðin ár hvert.

Dómari víki úr dómnefnd ef:

- Dómari er hluthafi í, fyrrverandi eða núverandi eigandi að viðkomandi hrossi eða foreldris/foreldra þess.

- Dómari er ræktandi að hrossinu eða foreldris/foreldra þess.
- Dómari hefur tamið eða þjálfað hrossið.
- Dómari er eða hefur verið maki sýnanda, eiganda eða ræktanda eða er skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða blóðtengdur að öðrum lið.
- Dómari hefur eða mun greiða viðkomandi knapa laun fyrir tamningu, þjálfun eða sýningar á yfirstandandi ári.
- Dómari hefur þegið gjafir, fríðindi eða önnur hlunnindi frá eiganda eða ræktanda hrossins, sem telja má að muni hafa áhrif á trúverðugleika hans.
- Dómari er í aðalstarfi sínu undirmaður sýnanda, eiganda eða ræktanda hrossins.

Dómstörf.

- Fordómalaus vinnubrögð séu ávallt höfð í heiðri.
- Góð framkoma, kurteisi, hógværð og hlutleysi sé haft í heiðri.
- Símanotkun dómara er óheimil nema nauðsynleg samskipti dómnefndar við starfsmenn sýningar.

Ábyrgð formanns dómnefndar.

- Hann ber ábyrgð á framkvæmd dóma á viðkomandi sýningu.
- Hann ber ásamt sýningarstjóra ábyrgð á að vellir, önnur aðstaða, mælingar og heilbrigðsskoðanir standist gæði og reglur.
- Hann skal sjá til þess að bæði íslenskum sérreglum og alþjóðlegum FIZO reglum sé fylgt.
- Hann skal sjá til þess að dómstörf gangi hratt og vel fyrir sig og að niðurstaða fáist.
- Hann skal tilkynna til ábyrgðarmanns hrossaræktar hjá RML ef eitthvað bregður útaf við dómstörf á hans vakt sem brýtur í bága við “Siðareglur um kynbótasýningar.”

Ferli agabrota/kvartana.

- Stig 1. Ábyrgðarmaður hrossaræktar hjá RML. Stig 2. Fagstjóri búfjárræktar hjá RML. Stig 3. Fagráð í hrossarækt. Eftir eðli og umfangi brots.
- Ábyrgðarmaður hrossaræktar hjá RML getur áminnt dómara eða vísað frá dómstörfum til styttri eða lengri tíma sé reglum ekki fylgt.
- Ábyrgðarmaður hrossaræktar er vanhæfur til að fjalla um agabrot/kvartanir á hærra kærustigi hafi hann áður tekið þátt í meðferð málsins á lægra stjórnslustigi.
- Ábyrgðarmaður hrossaræktar er vanhæfur til að fjalla um mál hafi hann slík tengsl við málið sem er til meðferðar að það geti haft áhrif á meðferð máls. Þ.e. er aðili máls, fyrirsvarsmáður eða umboðsmáður aðila eða ef hann hefur nán fjölskyldutengsl við aðila.

Reglur um knapa og umráðamenn:

- Knapar sýni þrúðmannlega reiðmennsku.
 - Knapar og umráðamenn sýni kurteisi og háttvísi í framkomu.
 - Við brot á þessum reglum getur dómnefnd veitt knöpum og/eða umráðamönnum áminningu eða vísað frá sýningu.
- b) Mat á eiginleikanum vilja/geðslagi.

Málið var rætt frá ýmsum hliðum m.a. sagt frá áhugaverðu verkefni við Hólaskóla þar sem knapar gáfu hrossum stig fyrir ásækni annarsvegar og þjálni hinsvegar. Fylgni dómseinkunnar við ásækni hefði verið mikil en frekar lítil við þjálni.

Samþykkt var að gott fyrsta stig í þróun á betra mati á eiginleikanum væri að dómarrar á sýningum ársins gæfu öllum hrossum sér einkunn og tilheyrandi krossa varðandi þjálni. Uppgjör slíkra upplýsinga gæti verið góður grunnur að nemendaverkefni við annanhvorn landbúnaðar háskólann.

- c) Endurskoðun skilgreininga og lýsinga í dómskvarða.
Ekki er á þessu stigi ljóst hvernig unnt er bæði vegna tíma- og fjármagnsskorts að ganga í heildar endurskoðun dómskalans, þó fagráðsfolk sé sammála um nauðsyn á verkinu. Einnig var bent á að nýjar upplýsingar varðandi verkefnið gætu komið fram þegar doktorsritgerð Þorvaldar Kristjánssonar liggur fyrir.
- d) Aðgerðir til aukins samræmis í dómum.
Eins og fram hefur komið verður þetta málefni til umræðu á ræktunarleiðtogafundi FEIF í vetur auk þess að vera aðalþema námskeiðs alþjóðlegra kynbótadómara síðar í vetur.

13. Aðalfundur FEIF.

Aðalfundur FEIF verður á Íslandi í febrúar í vetur. Nýr formaður FEIF verður kosinn á fundinum og bendir allt til þess að Gunnar Sturluson verði einn í framboði. Guðlaugur kynnti þær tillögur sem nú þegar liggja fyrir fundinum.

Fyrir aðalfundinn koma væntanlega eftirfarandi tillögur:

- a) Að fjöldi hrossa á sýningu þar sem heimilt er að einungis dæmi tveir dómarrar verði hækkaður úr 25 hrossum í 35 hross.
- b) Að tekin verði upp rauður (bann) listi yfir búnað sem bannaður er í kynbótasýningum. Tillögur að búnaði á listann geti komið frá nefndum FEIF, ræktunarleiðtogum þjóðanna og FEIF dómurum. Ákvörðun um framgang tillagna liggur hjá ræktunarnefnd FEIF en endanlegt ákvörðunarvald liggur hjá ræktunarleiðtogafundi FEIF.

Fyrir ræktunarleiðtogafundinn koma væntanlega eftirfarandi tillögur eða umræðuefni:

- a) Frá þjóðverjum um að efsta hross í hverjum flokki kynbótahrossa á HM verð útnefnt heimsmeistari.
Guðlaugur hefur nú þegar lýst þeirri skoðun sinni að hann telji slíkt ekki rétt, bæði sitji ekki öll lönd við sama borðið gagnvart því að að senda sín bestu hross til leikanna og einnig standi kostnaður þeim þjóðum fyrir þrifum sem lengst eiga að sækja s.s. Nýsjálendingum og Áströllum.
- b) Reglur um fósturvísaf lutninga.
Drög eru komin fram um málefnið.
 1. Takmörkun á fjölda afkvæma hvert ár (2 úr fósturvísu + 1 hryssan sjálf).
 2. Nákvæm skráning í WF á fósturmæðrum.
 3. Algjört bann við klónun.
 4. Báðar mæður skráðar í WF.
 5. Báðar mæður séu DNA greindar og hreinar íslenskar.
- c) Umræður um form á kynningu einkunna við kynbótasýningar.

- d) Umræður um hvað sé til ráða varðandi meiðsli. Á að breyta reglum um fótabúnað?
- e) Tillaga um hvort skrá á þjálfara í sýningarskrár.
- f) Siðareglur fyrir kynbótasýningar.
- g) Taka upp mælingar á lögsta punkti á baki hjá hryssum.
- h) Hvernig bæta megi dóma á vilja/geðslagi.
- i) Ferli áminninga sett í nákvæmara ferli en nú er.
- j) Umræður um að opna á að vilja/geðslagseinkunn og einkunn fyrir fegurð í reið geti lækkað á yfirlitssýningum.
- k) Umræður um þá reglu sem sportið stefnir á að taka upp eftir reglum FEI að um leið og dómari sér að hrossi blæðir þá fái það rautt spjald þ.e sé dæmt úr keppni.

14. Önnur mál.

- a) Rætt var um hvaða reglur giltu um fagráð varðandi skiptingu verka og kynntur fyrir nýju fagráðsfólki samstarfssamningur frá árinu 2006 milli BÍ og Félags hrossabænda.
- b) Rætt var hvort stíga ætti það skref að öll hross sem komi til dóms séu DNA greind og jafnvel með sönnun gagnvart föður. Samþykkt var að vísa þessari umræðu til næsta aðalfundar Félags hrossabænda.

Fleira ekki tekið fyrir.
Fundu slitið kl. 21:00

Guðlaugur V. Antonsson
ritari fagráðs í hrossarækt.